

Ellefu sem gætu tekið titilinn



Klassíska tónlistarárið



„Lýsir upp skammdegið ... heillandi saga ... hrifandi, tóninn léttur og leikandi og atburðarásin spennandi.“
- Sædis Björnsdóttir, Morgunblaðinu

1.

Eymundsson
Alfr bækur

VERÖLD



Íþróttir > 10

Menning > 20

FRÉTTABLAÐIÐ

278. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FÖSTUDAGUR 23. DESEMBER 2022



Miðbær Reykjavíkur er fallega skreyttur og hátíðlegur enda aðfangadagur jóla á morgun. Jólasveinar eru á útopnu um borg og bý og litu meðal annars við á Skólavörðustíg í gær. Þar eru nú ekki að- eins jólaskreytingar heldur einnig ljósastika sem gyðingar kveikja á til að fagna hanukkah, árlegri ljósahátíð sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Munu sigla til Íslands í stað Rússlands

Ísland, Noregur og Grænland virðast græða á sniðgöngu skipafyrirtækja á Rússlandi. Of hraður vöxtur getur þó verið varasamur.

kristinnhaukur@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Hluta affyrirséðri mikilli aukningu á komu skemmtiferðaskipa til íslenskra hafna má rekja til sniðgöngu á Rússlandi vegna stríðsins í Úkraínu.

Fyrirtæki sem áður höfðu í hyggju að sigla til staða í Rússlandi hafa hætt við þær ferðir en aukid í staðinn ferðir til Íslands, Noregs og Grænlands.

Þetta kemur fram í greiningu Ekaterinu Uryupovu, hjá Norðurslóðastofnuninni, um ferðir skemmtiferðaskipa á næsta ári. Skipafyrirtækin hafa flest felld niður allar ferðir til Rússlands nokkur

ár fram í tímann, það er ferðir til staða eins og Frans Jósefslands, Novaja Semlja, Múrmansk og fleiri norðlægra staða. Eftirspurnin eftir ferðum til norðurslóða er hins vegar ekki minni en áður.

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir að Íslendingar þurfi að ákveða fyrirkomulag og stýringu greinarinnar. Samkvæmt hafnarstjórum er búist við 40 prósentu aukningu skemmtiferðaskipa á næsta ári en það virðist vera í höndum þeirra hversu mörg skip koma til landsins. Allt að 20 hafnir taka á móti skemmtiferðaskipum, sem dvelja hér í allt að viku.

„Við sjáum að þegar hafnir lokast leita skipafyrirtækin að öðrum höfnum,“ segir Jóhannes. „Það er hins vegar ekki gefið að við höfum innviði til að taka við öllum sem vilja koma.“



Ég held að það verði veruleg áskorun að taka á móti 40 prósentu aukningu skemmtiferðaskipafarþega á næsta ári.



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF

Þessi hraða aukning geti verið varasöm. Í sumar hafi markaðurinn verið mjög þaninn, skortur á rútum, ökuöðnum og leiðsögumönnum til að sinna þessum hóp.

„Ég held að það verði veruleg áskorun að taka á móti 40 prósentu aukningu skemmtiferðaskipafarþega á næsta ári,“ segir Jóhannes. Mikil umræða sé um þetta innan ferðaþjónustunnar, einkum innan fyrirtækjanna sem sinna skipunum. Þau sjái jafnvel fram á meiri framlegð úr annars konar verkefnum.

Jóhannes gerir ráð fyrir að markaðurinn muni aðlaga sig. Þó séu ýmsir pyttir sem þurfi að varast.

„Ef innlend rútufyrirtæki geta ekki sinnt þessu skapast tækifæri fyrir erlend fyrirtæki sem hafa því miður leitt ólöglega starfsemi hingað til. Svo sem með félagslegum undirboðum og keyrslu á ótrygðum bílum,“ segir Jóhannes. ■

Ekkert spennandi að fréttu af mér

DÓMSMÁL „Nú verður ekkert lengur spennandi að fréttu af mér,“ segir Erla Bolladóttir sem gert hefur sátt við ríkið vegna meðferðar á henni í tengslum við rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar fyrir 47 árum. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra bað í gær Erlu afsökunar og ríkið greiðir henni 32 milljóna króna bætur. Katrín segir meðferðina á Erlu sem ungri konu með kornabarn vera fordæmalaus. „Nú er ég bara að kveðja þetta eftir alla mína ævi í þessu,“ segir Erla sem snýr sér að skriftum og myndlist.

SJÁ SIÐU 4



Erla Bolladóttir.

Sportlegur og alrafmagnaður

Škoda Enyaq Coupé RS iV.

Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. www.hekla.is/skodasalur



Halldór Benjamín segir mikið bera í milli í kjaraviðræðum Eflingar og SA.

Mikið ber í milli hjá Eflingu og SA

bth@frettabladid.is

KJARAMÁL „Ég hef alltaf sagt að svo lengi sem aðilar sitja við og skiptast á skoðunum þá er von,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

„Það blasir hins vegar við að það er himinn og haf milli samningsaðila,“ bætir Halldór Benjamín við.

Samtök atvinnulífsins höfnuðu tilbóði Eflingar á fundi hjá ríkissáttasemjara í gær. Halldór segir að ríkissáttasemjari muni væntanlega boða til fundar milli jóla og nýárs. Ekki hafi slitnað upp úr viðræðunum.

Sólveig Anna Jónsdóttir hjá Eflingu útilokar ekki verkföll. Ekki hefur komið fram með skýrum hætti hvar ber helst í milli.

„Við erum ekki í upphafi kjaraviðræðna, við höfum samið við 80.000 manns, lýðræðislegur farvegur hefur komist að þeirri niðurstöðu að samningar sem gerðir hafa verið njóti yfirburða stuðnings,“ segir Halldór Benjamín. ■

Dáðasti sonur FH snýr aftur heim



Það var gleði í Kaplakrika í gærkvöldi þegar Aron Pálmarsson, einn fremsti handboltamaður í sögu Íslands, skrifaði undir hjá FH. Aron tók þá ákvörðun af persónulegum ástæðum að rifta samningi sínum við Álaborg og koma heim næsta sumar. Þar með lýkur 14 ára ferli hans í atvinnumennsku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Margir hafa lent í töfum í umferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Allar stofnbrautir eru jólapakkaðar

bth@frettabladid.is

REYKJAVÍK „Það eru allar stofnbrautir pakkaðar, það er bara þannig,“ sagði varðstjóri hjá umferðardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í gærkvöld.

Þá höfðu borgarþátttakar lent í töluverðum töfum í umferðinni við jólaundirbúning. Ekki síst við Miklubraut og í nágrenni Kringlunnar.

Sumir ökomanna töldu að sá

snjór sem enn er á götum hefði tafið umferðina. Samkvæmt lögreglu var mikill fjöldi ferðamanna á ferð ásamt borgarþátttakara.

„Þetta er alltaf svona rétt fyrir jólin,“ sagði varðstjórinn.

Verslun var minni en ella um síðustu helgi vegna illfærðar. Er líklegt að það hafi haft einhver áhrif.

„Allt gengur enn stórslysalaust,“ sagði lögreglan rétt í þann mund sem blaðið fór í prentun. ■

Fimm sérlega góð ráð við stressinu um jólahátíðina

Þær Sigrún Ása Þórðardóttir og Snædís Eva Sigurðardóttir, sálfræðingar hjá Styðjandi sálfræðipjónustu í Heilsuklasanum, eiga ráð fyrir fólk í jólastressinu.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Margir upplifa töluvert meira stress í jólamánuðinum,“ segir Sigrún Ása Þórðardóttir, sálfræðingur hjá Styðjandi sálfræðipjónustu í Heilsuklasanum, en hún og Snædís Eva Sigurðardóttir sálfræðingur gefa góð ráð fyrir fólk núna þegar jólastressið er að ná hámarki.

„Ofan á annars annasamt daglegt líf bætast við ýmsar skuldbindingar sem bæði taka tíma og fela í sér aukin fjárútlát. Margar þeirra eru sannarlega nærandi á meðan aðrar geta verið meira tæmandi og því mikilvægt að gæta að jafnvægi þannig að nærandi athöfn fari ekki að snúast upp í andhverfu sína,“ segir Sigrún.

Að sögn Sigrúnar getur verið heilmikil áskorun að púsla saman öllu því sem þarf að gera í dagsins önn.

Boltarnir séu oft ansi margir, bæði í einkalífi og starfi og margir þurfa að hafa sig alla við til að halda öllu gangandi. Þegar álag verður of mikið geti það haft neikvæð áhrif á heilsuna, bæði andlega sem og líkamlega og streitan tekur völdin.

„Það er mikilvægt að hafa í huga að streita er í eðli sínu jákvæð. Ef tímabundið stress fær að koma og svo líða hjá og við gefum okkur tækifæri til að jafna okkur á eftir, getur það mögulega bætt frammistöðu okkar,“ segir Sigrún. Ef álagið verði langvarandi og möguleikar til endurheimtar orku litlir, geti yfirálag og langvinn streita haft skaðleg áhrif á heilsu okkar.

„Til dæmis að vinna lengur eða taka vinnuna með sér heim, vinna hraðar og af meiri ákafa, sleppa



Einkenni langvarandi streitu geta birst í hugsun og hegðun. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fimm góð ráð

1. Gerðu áætlun

Settu inn í stundatöflu eða dagbók allt sem þú veist að er fram undan.

2. Einfaldaðu lífið

Í jólaundirbúningi væri gagnlegt að leggja áherslu á það sem skiptir mann raunverulega máli og sleppa tókum á lítt nærandi eða streituvaldandi hefðum.

3. Forgangsraaðu og gerðu raunhæfar kröfur

Geturðu fækkað skuldbind-

ingum með einhverjum hætti, sérstaklega þeim sem eru sérlega tæmandi?

4. Hlúðu að þér og vertu í núinu

Það er mikilvægt að hlúa að sér og sá tími sem fer í það þarf ekki að vera langur.

5. Innri röddin

Það eru allar líkur á að þú sért að gera þitt allra besta og minntu þig á það. Sýndu þér skilning og umburðarlyndi í stað þess að brjóta þig niður.

matarhléum og kaffipásam, draga úr hvíld, sleppa hreyfingu, líkamsrækt og áhugamálum,“ segir Sigrún.

Einnig segir Sigrún að ef einhver festist í slíku mynstri muni langvarandi álag smám saman slæva ónæmiskerfið og veikja varnir

líkamans. Það sé því mikilvægt að vera vel vakandi fyrir álagsþáttum og þekkja eigin streitueinkenni.

Þá sé ekki síður mikilvægt að hlúa vel að sér og fylla á orkubirgðirnar til móts við það sem tapast á álagstímum. ■

Sr3
STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA

**TILVALIN
JÓLAGJÖF!**

GUÐLÖLD SVEIFLUNNAR

PÁLL ÓSKAR
MARÍNA ÓSK – REBEKKA BLÖNDAL
8. JANÚAR ELDBORG

Starfsfólk ISAL óskar öllum gleðilegrar hátíðar

Álverið í Straumsvík hefur verið hluti af íslensku atvinnulífi frá árinu 1969.

Farsæll rekstur okkar byggir á framúrskarandi starfsfólki þar sem jafnrétti og fjölbreytileiki eru höfð að leiðarljósi.

Í 10 ár höfum við framleitt hágæða bolta úr áli sem eru notaðir m.a. til að minnka kolefnisspor í bíla- og byggingariðnaði.

ISAL stefnir að kolefnishlutleysi 2040.





Flugeldar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Preytt á rakettum í Vesturbænum

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Íbúaráð Vesturbæjar skorar á Reykjavíkurborg í bókun sinni á síðasta fundi að taka frumkvæði og skoða möguleikann á öðrum valkostum í stað flugeldasýninga á stórum viðburðum sem borgin kemur að, eins og hverfis hátíðum og Menningarnótt. Segir ráðið að hægt sé að nota leysigeisla eða dróna með ljósum. ■



Matarkarfan í Nettó er ódýrari hjá þeim sem nota appið en þeim sem ekki nota það.

Appið ódýrara

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Í verðkönnun Veritabus á matvöru í vefverslunum sem fjallað var um í Fréttablaðinu á miðvikudag kom fram að ódýrasta matarkarfan er í Krónunni, 35.887 krónur, og næstóðýrust er hún í Nettó, 37.418 krónur.



Afsláttur með appi breytir ekki röðinni.

Ekki kom fram að þeir sem nota Nettó-appið fá viðbótarafslátt upp á tvö prósent. Eftir sem áður er innkaupakarfan ódýrust í Krónunni, en með app-afslættinum kostar karfan í Nettó 36.670 krónur í stað 37.418. Kannað var verð í Heimkaupum, Hagkaupum, Nettó og Krónunni. Karfan var dýrust í Heimkaupum. Bónus er ekki með vefverslun með matvöru og var því ekki með í könnuninni. ■

Erla Bolladóttir beðin afsökunar og hefur nýtt líf

gar@frettabladid.is

DÓMSMÁL „Nú verður ekkert lengur spennandi að fréttu af mér. Þetta eru málalok milli mín og ríkisins,“ segir Erla Bolladóttir sem gert hefur sátt við ríkið vegna meðferðar réttarkerfisins á henni í tengslum við hvarf Geirfinns Einarssonar um miðjan áttunda áratuginn. „Núna bara sný ég mér að einhverju allt öðru,“ segir Erla og nefnir

myndlist. „Og það er ýmislegt sem ég ætla að skrifa til þess að heimildirnar liggi fyrir á sem skýrastan hátt. Það er marga sem mig hefur langað að gera í gegn um ævina en lítið svigrúm gefist alltaf með þetta mál einhvers staðar.“ Erla segist í raun ekki enn hafa áttað sig á nýrri stöðu. „Ég geri mér grein fyrir því hvað þetta er stór áfangi og nú er ég bara að kveðja þetta eftir alla mína ævi í þessu og



Erla Bolladóttir er 67 ára og snýr sér nú að raunverulegum hugðarefnum.

það er ekki orðið alveg raunverulegt fyrir mér enn þá.“ Ríkið greiðir Erlu 32 milljónir króna í miskabætur. „Lengd frelsissviptingar hennar meðan á rannsókn Geirfinnsmálsins stóð og aðstæður sem henni og barni hennar voru búnar á þeim tíma eru fordæmalausar,“ segir í yfirlýsingu frá Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra sem biður Erlu afsökunar á meðferðinni. ■

Tillögur í janúar um heimilislausa í sveitarfélögunum utan Reykjavíkur

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur vinna að tillögum um heimilislausa. Hvert sveitarfélag greiðir gistanáttagjald til Reykjavíkur fyrir heimilislausa einstaklinga. Kópavogur greiðir mest og Seltjarnarnes ekkert.

lovisa@frettabladid.is

SVEITARSTJÓRNIR Alls gistu um 38 heimilislausir einstaklingar sem ekki eru með lögheimili í Reykjavík í gistiskýlum Reykjavíkur á árinu. Greiddar voru um tuttugu þúsund krónur fyrir nóttina en misjafnt er eftir sveitarfélagi hversu margar næturnar voru. Sem dæmi greiddi Mosfellsbær alls sex milljónir á árinu fyrir nætur fimm einstaklinga og Kópavogur greiddi 2,7 milljónir bara í nóvember á þessu ári fyrir nætur um tíu einstaklinga þann mánuðinn. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur réðu til sín sameiginlegan verkefnastjóra í málefnum heimilislausra í ágúst. Þriðjungur þeirra sem heimilislausir eru og leita aðstöðar í Reykjavík er ekki með lögheimili þar. Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga kallaði eftir því fyrr í mánuðinum að fleiri tækju ábyrgð á málaflokknum og nefndi sérstaklega ríkið og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnastjórinn sem ráðinn var hjá sveitarfélögunum vinnur, meðal annars, að því að gera úttekt á stöðu heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir, hvaða úrræði eru fyrir hendi fyrir þann hóp og koma með tillögur að úrbótum.



Sveitarfélögin greiða Reykjavíkurborg gistináttagjald fyrir hvern einstaklinga sem gista í gistiskýlunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjöldi heimilislausra

Hafnarfjörður: **Tíu** karlar gistu 161 nótt í gistiskýlum, **átta** konur gistu 55 nætur í Konukoti. **2021:** **Átta** karlmenn gistu í 167 nætur, **fimm** konur í 53 nætur.

Garðabær: **Fimm** einstaklingar (kemur ekki fram hversu margar nætur). **2021:** **Fjórir** einstaklingar.

Kópavogur: **Tíu** á mánuði.

Mosfellsbær: **Fimm** einstaklingar að meðaltali á mánuði.

Seltjarnarnes: **Enginn**.

Fé greitt til Reykjavíkur

Hafnarfjörður: 4,5 milljónir króna árið 2022.

Garðabær: 660 þúsund krónur árið 2022.

Kópavogur: 2,7 milljónir í nóvember.

Mosfellsbær: 6 milljónir króna árið 2022.

Seltjarnarnes: 0 krónur.

Þá er einnig unnið að því að skoða hvernig best er að halda utan um og afla tölfræði um hópinn en sveitarfélögin hafa helst stuðst við skráningu einstaklinga í neyðar-

skýlin til þess að greina fjöldann. Sveitarfélögin hafa öll gert samning við Reykjavíkurborg um að greiða gistináttagjald fyrir hvern einstakling sem nýtir sér neyðarskýli í Reykjavík. Verkefnastjórinn mun skila tillögu í upphafi ársins 2023 þar sem horft verður til mögulegs samstarfs sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í málefnum heimilislausra. Misjafnt er eftir sveitarfélögum hvað annað þau gera. Sem dæmi má nefna að í Hafnarfirði er einnig veitt fjárhagsaðstoð, auk þess sem markvisst er unnið að því að fjölga félagslegum íbúðum í félagslegu leiguhúsnæði þar sem ekki eru sérstök viðmið varðandi áfengis- og vímuefnaneytendur við úthlutanir íbúða, heldur reynt að veita þessum einstaklingum markvissa stuðningsþjónustu til að auka lífsgæði þeirra. ■



JÓLIN FYRIR ÞIG

Opið
til kl. 20
í verslunum
Sjá nánar husa.is

Jólatré 25% afsláttur

Rauðgreni Nordmannspinur Íslensk stafafura

Jóla útsala 30-50% afsláttur

Allar jólavörur, seríur, jólaljós og jólaskraut*

Jólagjafahandbók 2022

Frábærar
hugmyndir
af flottum
jólagjöfum,
skoðaðu
á husa.is



20%

eta

Air Fryer 5,2 ltr.
Loftsteikingar-
pottur, stillanlegt
hitastig 80-200°C.
Val um 7 forstill-
ingar og snerti-
stjórnborð. 1851561

19.752 kr
24.690 kr



20%

DOMO
Klakavél

1,8 ltr.
Afköst 9 ísmolar
á 9 mínútum..
12 kg á 24 klst.
1870604

23.990 kr
29.990 kr



Hægrisinnaðasta stjórn í sögu Ísraels

thorgrimur@frettabladid.is

ÍSRAEL Benjamin Netanjahú, fyrrverandi forsætisráðherra Ísraels, tilkynnti forseta landsins, Isaac Herzog, að honum hefði tekist að semja um myndun nýrrar ríkisstjórnar á miðvikudagskvöld. Því er viðbúið að Netanjahú, sem var áður forsætisráðherra frá 1996 til 1999 og frá 2009 til 2021, snúi brátt aftur á valdastól og leiði hægrisinnuðustu stjórn í sögu Ísraels.

Netanjahú, sem leiðir Likud-flokkinn, hefur gert samkomulag við fimm smærri flokka á hægri væng ísraelskra stjórn mála sem saman hafa 64 af 120 sætum á þingi landsins.

Áætlað er að Itamar Ben-Gvir, leiðtogi flokksins Gyðinglegs valds, verði öryggismálaráðherra í nýrri stjórn Netanjahú og muni þannig hafa stjórn á lögreglu landsins. Ben-Gvir hefur mörgum sinnum verið ákærður fyrir hatusorðræðu og hafði lengi mynd í stofu sinni af hryðjuverkamanni sem skaut 29 Palestínumenn til bana árið 1994.

Bezazel Smotrich, leiðtogi Trúarlega zionistaflokksins og væntanlegur fjármálaráðherra stjórnarinnar, hefur áður talað fyrir aðskilnaði Gyðinga og Araba á fæðingardeildum í landinu og fyrir því að Ísrael sé stýrt samkvæmt lögum hebresku biblíunnar.

Aðrir flokkar í bandalaginu og meðlimir þeirra hafa talað gegn réttindum hinsegin fólks í Ísrael. Avi Maoz, leiðtogi Noam-flokksins, kemur til með að verða aðstoðarráðherra í stjórninni en hann hefur meðal annars talað fyrir því að hætt verði við árlegar gleðigöngur sem haldnar eru í Tel Aviv.

Gera þarf tiltekna lagabreytingar svo skipting ráðuneytanna geti farið á þann hátt sem samkomulagið gerir ráð



Benjamin Netanjahú



Gera þarf tiltekna lagabreytingar svo skipting ráðuneytanna geti farið á þann hátt sem samkomulagið gerir ráð fyrir.

fyrir. Til stendur að færa hluta af stjórnkerfi hers og lögreglu Ísraels til nýrra ráðuneyta sem stofnuð verða fyrir bandamenn Netanjahú. Jafnframt verður að lögum breytt til að heimila Aryeh Deri, leiðtoga Shah-flokksins, að gegna ráðherraembætti, en eins og stendur má hann það ekki vegna skilorðsbundins fangelsisdóms sem hann á yfir höfði sér vegna skattsvika.

Sumir þingmenn bandalagsins tala fyrir breytingum á dómskerfi Ísraels í því skyni að skerða valdsvið ríkissaksóknara og Hæstaréttar.

Sjálfur er Netanjahú sakborningur í réttarhöldum sem hafa staðið yfir í nokkur ár vegna ásakana um spillingu.

Breytingar sem bandamenn hans vilja gera ganga út á að lögleiða suma glæpina sem hann er sakaður um og draga úr aðhaldi dómsvaldsins með ákvörðunum þingsins. Meðal annars yrði þinginu veitt heimild til að setja lög sem Hæstiréttur hefur metið svo að stangist á við stjórnskrá landsins. ■



Sjóvá felldi niður hækkun á Ásgeir

bth@frettabladid.is

NEYTENDUR Eftir frétt Fréttablaðsins í gær um eldri borgara, sem segist hafa sætt árás af hálfu manns sem hann grunar um trygginga-svik, varð hraður framgangur málsins hjá tryggingafélagi mannsins.

Ásgeir Ebeneser Þórðarson varð fyrir því að Sjóvá hækkaði tryggingargjöld hans og bar við að hann hefði valdið manni skaða á bíl sínum. Ásgeir varð vægast sagt mjög ósáttur, því hann segist hafa orðið fyrir árás ungs manns á rafhlaupahjóli. Maðurinn hafi logið upp að Ásgeir hafi ekið á hann á Laugaveginum í vor.

Sérstaklega gagnrýndi Ásgeir að



Réttlætinu hefur verið fullnægt.



Ásgeir Þórðarson, eldri borgari

lögfræðiteymi Sjóvár hefði ekki haft samband við hann áður en ákvörðun um iðgjaldahækkun var tekin. Þótt ekki væri nema til að fá hans hlið á sögunni. Sjóvá kaus að tjá sig ekki um málið við vinnslu fréttarinnar.

Eftir birtingu fréttarinnar í gær hafði fulltrúi tryggingafélagsins samband við Ásgeir. Kom fram að Sjóvá hefði fallið frá hækkun gjaldanna.

Var Ásgeiri sagt að hann gæti farið út að borða við annan mann á kostnað Sjóvár.

„Þetta er frábært,“ segir Ásgeir, sáttur við málalok og kominn í jólaslap. „Réttlætinu hefur verið fullnægt.“ ■



Fíkniefnabaróninn Tse Chi Lop var handtekinn á Schiphol-flugvellinum í Amsterdam í janúar 2021.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Fíkniefnabarón framseldur

Ástralska lögreglan hefur fengið skæðasta fíkniefnabarón Asíu framseldan. Kínverjinn Tse Chip Lop hafði verið á flóttu í mörg ár en var handtekinn í Amsterdam í fyrra. Rúmlega 70 prósent af fíkniefnum hans fóru í gegnum Sydney og Melbourne.

helgisteinar@frettabladid.is

SAKAMÁL Alræmdasti fíkniefnabarón Asíu, Tse Chip Lop, hefur verið framseldur til Ástralíu þar sem hann á yfir höfði sér lífstíðarfangelsi. Tse er sagður hafa stýrt eiturfjáhring sem náði alla leið frá Japan til Nýja-Sjálands.

Tse var handtekinn á Schiphol-flugvellinum í Amsterdam í janúar í fyrra og eftir nær tveggja ára laga-deilur hefur hann nú loks verið framseldur. Ástralska lögreglan birti nýlega myndir af honum handjárnuðum í lögreglufylgd eftir að hafa lent á flugvellinum í Melbourne.

Hinn 59 ára gamli Tse hefur oft verið borinn saman við mexíkóska fíkniefnabaróninn Joaquín „El Chapo“ Guzmán, en báðir tveir stýrðu risastóru fíkniefnaveldi, hvor í sinni heimsálfunni.

Tse Chip Lop fæddist í suður-kínversku borginni Guangzhou árið 1963. Lítið er vitað um ævi hans fyrr en hann flutti til Toronto í Kanada

árið 1988. Þar gerðist hann meðlimur í kínversku Stóra-Hrings (e. Big Circle) glæpasamtökunum sem voru upprunalega stofnuð af fangelsuðum fyrrverandi liðsmönnum Rauða hers Maós á tímum menningarbyltingarinnar.

Glæpasamtök Tse, einnig þekkt sem Sam Gor-samtökin, eru þau stærstu á asískum fíkniefnamarkaði og sjá meðal annars Áströlum fyrir 70 prósentum af öllum fíkniefnum sem koma til álfunnar.

Samtökin eru sögð smygla gríðarlegu magni af tepakkningum sem innihalda amfetamín, heróín og ketamín.

Ákæru Tse í Ástralíu tengjast smygli hans á metamfetamíni til landsins að verðmæti 430 milljónir króna á árunum 2012 til 2013. Þegar ástralska lögreglan gerði húsleit fann hún meira en 570 milljónir króna í reiðufé, 99 lúxus hönnunar-töskur og gulan Lamborghini.

Ástralska lögreglan hafði reynt að hafa upp á Tse í meira en áratug en meirihluti fíkniefna hans streymdi til Sydney og Melbourne.

Tse hefur neitað allri sök og segir að handtakan hafi verið skipulögð af áströlskum yfirvöldum. Hann heldur því fram að lögreglan í Ástralíu hafi með ölögum hætti skipað brottvísun hans frá Taívan til Kanada og neytt hann til að lenda í Hollandi svo að hægt væri að handtaka hann þar.




Tse Chip Lop hefur oft verið borinn saman við mexíkóska fíkniefnabaróninn Joaquín „El Chapo“ Guzmán, en báðir tveir stýrðu risastóru fíkniefnaveldi, hvor í sinni heimsálfu.

Tse hefur áður setið inni fyrir fíkniefnasmygl. Árið 1998 var hann dæmdur í níu ára fangelsi í Elkton í Ohio-fylki eftir að hann játaði að hafa smyglað heróíni til Bandaríkjaanna. Á þeim tíma tengdist hann einnig skipulagðri glæpastarfsemi Rizzuto-fjölskyldunnar.

Aðgerðin sem leiddi til handtöku Tse bar heitið „Operation Kungur“ og var samvinnuverkefni meira en 20 alþjóðlegra lögreglufyrivalda. Talið er að hann hafi undanfarin ár verið búsettur í Makaó, Hong Kong og Taívan.

Ástralska lögreglan hefur einnig ákært 66 ára gamlan bresk-kínverskan ríkisborgara. Sá maður var framseldur til Ástralíu frá Taílandi í júní á þessu ári og verður réttad yfir honum um leið og Tse. ■





Afgreiðslutími þjónustustöðva yfir hátíðarnar

	24. des.	25. des.	26. des.	31. des.	1. jan.
Dalvegur	Opið 24/7	Opið 24/7	Opið 24/7	Opið 24/7	Opið 24/7
Fitjar	Opið til kl. 17:00	Opnar kl. 11:00	Opið 24/7	Opið 24/7	Opið 24/7
Vesturlandsvegur	Opið til kl. 17:00	Opnar kl. 11:00	Opið 24/7	Opið 24/7	Opið 24/7

Dæurnar okkar eru opnar allan sólahringinn, alltaf.

NÝTUM ORKUNA TIL AÐ FLOKKA

Umbúðagámur:

- jólapappír
- pappi
- plast

Umbúðagámar eru á eftirtöldum
stöðum hjá Orkunni 25. des. - 30. des.

- ♻ Gylfaflöt, Reykjavík
- ♻ Kleppsvegi, Reykjavík
- ♻ Suðurströnd, Seltjarnarnesi
- ♻ Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði



Hrekkjajól



Nina Richter
ninarichter
@frettabladid.is

A Nightmare Before Christmas, Mar-tröð fyrir jólin, er brúðumynd úr smiðju meistarans Tim Burton. Þar fer konungurinn í Hrekkjavökubæ, Jack Skellington, af stað og reynir að halda jól. Myndin er finasta afþreying hvenær sem er, milli mánaðanna október og desember, á jólahrekkjatímabilinu. Þið vitið, þegar þessi jólastemning ríkir sem kemur allt of snemma, enginn vill og er allt of plássfrek.

Hrekkjavakan, nokkuð nýtilkomin í íslensku nútímasamfélagi, kom eins og ferskur andblær inn í hátíðaflóru heimilisins. Við fjölskyldan erum gríðarlega mikið hrekkjavökufólk. Börnin, sex og átta ára, taka hrekkjavökuna meira að segja fram yfir jólin.

Hvernig má það vera? Á hrekkjavökunni eru ekki eftirfarandi skemmtilegir hlutir: Jóla-veislur, jólamatur, jólatré og jólabakstur. Þar er heldur enginn jólaköttur, engir jólasveinar, ekkert jólaföndur og engir jólapakkar. Það eru einfaldlega engar gjafir nema einn nammipoki á hrekkjavökunni en samt kjósa þessi dásamlegu börn hrekkjavökuna fram yfir þriggja daga pakkahátíð sem flestir huga að í sex vikna aðdraganda. Mér skilst að þetta sé nokkuð viðtekin skoðun meðal jafnaldra barnanna, og þetta þarf að rannsaka betur.

Það sem hrekkjavakan hefur fram að færa er eftirfarandi: búningar sem mega vera hvernig sem er í staðinn fyrir stif jólaspariföt, skemmtilegar bíómyndir sem má sníða að hryllingsþoli hvers og eins, samvera barna og foreldra og ég skrifa það aftur svo að aftasta röðin sé með á nótunum, samvera. Við erum saman. Allan tímann.

Krakkarnir, mínir að minnsta kosti, eru mun hrifnari af hrekkjavökuforeldrum en jólaforeldrum. Jólaforeldrar eru ekki einu sinni hrifnir af sjálfum sér. Hrekkjavökuforeldrar eru ekki svefnvana og stressaðir yfir sósulit og pólitískum áróðri í jóladagatölum, heldur klæðast þeir asnalegum höttum og eru í besta falli með metnaðarlaus veiðihár, teiknuð í hláturskasti með gömlum augnblyanti.

Svo er blessað nammið. Það er óhóf í tvo klukkutíma. Öll litarefnin, E-efnin og draslið. Svo er þetta búið og við höldum áfram næsta dag. Þetta vekur mann til umhugsunar. Hafa jólin klikkað sem eftirlætishátíð barnanna?

Kannski er svarið hér fylgið í því að breyta jölunum úr árstíð, aftur yfir í hátíð. Minnka allt, færra, smærra og skemur. Það mætti kannski færa jólin nær hrekkjavökunni og í staðinn fyrir nokkurra mánaða jólahrekk, halda svona eins konar þriggja daga hrekkjajól. ■

Halldór



Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Hvað verður um Stöð 2

Tilkynnt var í gær um samstarf HBO og Símans sem tryggir Sjónvarpi Símans aðgang að því nýjasta úr smiðju HBO ásamt fjölda eldri titla. Þetta eru svakaleg tíðindi fyrir þá sem vilja hlamma sér niður í sófann og horfa á góða þætti, íþróttir eða kvikmyndir enda HBO verið um langt árabíl samnefnari fyrir vandað sjónvarpsefni. Stóra spurningin er hvað verður um Stöð 2? Þar er vissulega innlend framleiðsla en hversu lengi er hægt að hjakast á Steinda, Audda og Evu Laufeyju – sem öll urðu þreytt fyrir mörgum árum? Og erlenda efnið sem er á Stöð 2 plús er allt frekar dapurt.

Þjóðarsportíð og lágmennning

Á veitum Símans er ekkert nema gott efni sem gleður landsmenn frá 0-94 ára. Þeir sem eru yfir 94 ára finna sér ekkert á þessari veitu og verða að leita annað. Því miður. En. Allir aðrir finna eitthvað við sitt hæfi. Og núna er HBO-efnið búið að bætast við Love Island, Bachelor og Bachelorette, Tulsa King, sem og innlenda dagskrárgerð eins og Venjulegt fólk. Til að toppa sig er Síminn með enska boltann sem er þjóðarsport okkar Íslendinga. Það er því ekki nema von að sjónvarpsfíklar landsins séu að velta fyrir sér hvað verður um Stöð 2. ■

Aðalatriðin



Guðlaugur Þór Þórðarson
umhverfis-,
orku- og loftslags-
ráðherra

Hátíð ljóss og friðar er að ganga í garð. Umhverfismálin hafa verið fyrirferðarmikil á síðasta ári. Við stigum mörg mikilvæg skref í rétta átt og stór verkefni eru fram undan. Auðvitað má segja að umhverfismál hafi alltaf verið fyrirferðarmikil hjá okkur Íslendingum. Einfaldlega vegna þess að sá málaflokkur er okkar stærsta hagsmunamál.

Við erum útflytjendur matvæla og eigum allt undir því að nýting verði alltaf sjálfbær.

Við erum ferðamannaland og það fólk sem hingað kemur nefnir helst að það vilji heimsækja okkur vegna okkar ómótstæðilegu náttúru. Það er okkar að fara vel með náttúruna og að sjá til þess að ferðamennskan verði ávallt sjálfbær.

Iðnframleiðslan okkar byggir í grunninn á sjálfbærri íslenskri orku sem við verðum að fara vel með. Það er okkar að tryggja að hún verði til staðar um ókomna tíð. Það er ekki gert nema með sjálfbærni að leiðarljósi.

Hugvitið sem er sem betur fer að verða stærri þáttur í okkar efnahagslífi og útflutningur byggir ekki síst á grænum lausnum.

Það er okkar skylda að sjá til þess að komandi kynslóðir njóti þeirrar náttúru og umhverfisgæða sem við höfum fengið að njóta.

Við skulum ekki gleyma því að umhverfismál eru efnahagsmál. Engin þjóð ætti að hafa betri skilning á því en við Íslendingar.

Vinum saman

Stór skref voru stigin á þessu ári til að við getum tekist á við okkar háleitu markmið í loftslagsmálum. Það verður ánægjulegt og krefjandi fyrir okkur í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu að vinna með ykkur á nýju ári að því að sjá markmiðin raungerast. Þar verðum við að vinna saman.

Það er mikilvægt að við missum ekki sjónar á aðalatriðunum sem er að stíga skref til grænnar framtíðar þar sem jafnvægi verður náð í nýtingu og verndun með sjálfbærni og líffræðilega fjölbreytni að leiðarljósi.

Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla. ■

”
Krakkarnir, mínir að minnsta kosti, eru mun hrifnari af hrekkjavökuforeldrum en jólaforeldrum.



ICELANDIC WOOL

ULLARÚLPA
NÁTTÚRUVÆN EINANGRUN
ÚR ÍSLENSKRI ULL

47.990,-

ICEWEAR ICELAND

Einu sinni á ári

Í dag



Karl Th. Birgisson

Fyrir nokkrum árum flutti ég pistil á merkilegri sjónvarpsstöð, NFS.

Tílefnið var að biskupinn yfir Íslandi, nafni minn Sigurbjörns-son, hafði verið að andskotast út í jólasveinana.

Hann tók þar til varna fyrir einn af kapelánum sínum, séra Flóka Kristinsson, sem hafði óumbeðinn ákveðið að upplýsa sex ára gömul börn í sókn sinni um að jólasveinarnir væru ekki til. Þessi yfirlýsing olli mismikilli ógleði meðal barna og foreldra þeirra.

Olræt. Við erum ýmsu vön frá kirkjunni.

Biskupinn afreð hins vegar að nota messu í dómkirkjunni á sjálft aðfangadagskvöld til þess að vara landsmenn við „blekkingum“ og hversu skaðlegt væri „að rugla börn beinlínis í ríminu“.

Hann var sumsé að tala um jólasveinana í þessu samhengi. Og Grýlu.

Aftur olræt. Þetta var bara biskupinn.

En niðurlagið í þessari vitrunar-messu biskupsins lenti þvert í kokinu á mér:

„Jólaguðspjallið er heilagur sannleikur.“

Herra Sigurbjörn var betri, en nafni minn kann alveg að segja „heilagur sannleikur“ úr altaris-stólnum svo að þungi sé í.

Sko. Eitt af því fáa sem við vitum fyrir vist um hann Jésúa Jósefsson er að hann fæddist ekki á jóladag.

Rómversk-kaþólska kirkjan hertók eldgamla, rammheiðna vetrarsólstöðuhátið og gerði að sinni eigin. Það tók prelátana ekki nema nokkrar aldir að sammælast um þessa dagsetningu.

Hitt vitum við líka að guðspjöll-in eru mörg, stangast á í frásögnum af fólki og fyrirbærum, og verður sennilega á endanum að skilja sem þjóðsögur skrifadar í pólitískum tilgangi. Eftir smekk.

Samt er engin ástæða til að efast um að Jésúa hafi verið til. Sögurnar af honum eru þó svo ævintýralegar og mótsagnakenndar að Grýla og jólasveinarnir blikna í samanburð-inum.

Blessaður biskupinn sagði ein-mitt „ævintýri“ þegar hann var að verja prestinn í dómkirkjunni á aðfangadag þarna fyrir nokkrum árum.

Hann notaði það orð til að lýsa sögum af jólasveinafjölskyldunni, en minnstist ekki einu orði á öll kraftaverkin sem okkar maður – Jésúa – hafði áorkað, hvað þá að ganga á vatni eða metta þúsundir með fáeinum fiskum.

Og er þá fátt upp talið.

Pistillinn minn á NFS er fyrir löngu horfinn út í kosmósið og kemur aldrei aftur.

Það er ágætt. Hann var ekkert merkilegur.

Í honum reyndi ég samt að vera sammála nafna mínum biskupn-um um að það væri ekki gott að ljúga að börnum.

En – það er alltaf eitthvert en – sitt er hvort, skrök og lygi.

Sögurnar af jólasveinunum eru vitaskuld skrök. En eins og flest skrök er það tiltölulega saklaust, til þess gert að skemmta, kynda undir ímyndunarafli, víkka sjóndeild og kveikja hugsanir. Yfirlýsingin „Jólaguðspjallið er heilagur sann-leikur“ er hins vegar helber lygi.

Jafnvel þótt hún sé flutt af

sjálfum biskupnum í fullum skrudu í dómkirkjunni í Reykjavík.

Vegna hennar og ótal margra annarra hindurvitna hafa milljónir látið lífið um aldir, í ofsóknum, stríðsrekstri og bein-línis morðum, vegna valda- og fégræðgi kirkjunnar manna (þetta voru mestan part kallar), að við nefnum ekki misnotuðu börnin og blessaða kynvillingana, sem voru drepnir eins og til að nota ferðina.

Hversu heilagur þarf sannleikur-inn að vera til þess að réttlæta slíka sögu?

En nú er semsagt það sem við köllum hátið ljóss og friðar.

Sumir bæta kærleikanum við. Á ensku heitir þessi hátið krists-messa, Christmas.

Á frönsku noel, sem getur þýtt „góðar fréttir“, sprottið af bonnes nouvelles. Hugsanlega er ekki tilviljun að nouvelle breyttist

í „stutta skáldsögu“ á öðrum tungum þegar fram liðu stundir.

Spánverjar fara styttri leið og segja einfaldlega navidad – fæð-ingin – þegar þeir tala um jólin.

Hjá þeim sitja ósannindi kirkju-sögunnar alveg óhreyfð.

En ég nefndi hátið friðar og kær-leika.

Ég ætla ekki að leggja út af því að við notum myrkasta tíma ársins, þegar veður eru vályndust og flestir

hnipra sig í kuldalum, til að muna að okkur á að þykja vænt hverju um annað, hjálpa þeim sem þess eru þurfi, hver sem húðlitur þeirra er, tungumál eða augnsvipur.

Ég tek hins vegar óneitanlega eftir því að þetta gerist aðeins einu sinni á ári.

Að því skrifuðu óska ég les-endum auðvitað gleðilegra jóla.

Þau voru í fyrradag. Og guð blessi jólasveinana. ■

Mikið úrval af fallegum mjúkum gjöfum!

Í verslun Curvy er frábært úrval af fatnaði í stærðum 42-58
Sáðu allar vörur í netverslun www.curvy.is eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Opið í verslun Curvy

23. desember frá kl. 11-20
24. desember frá kl. 10-13

Curvy

Peysa
6.990 kr

Síður Náttkjóll
8.990 kr

Skíða og snjóbuxur
25.990 kr

Haley öklástígvél Wide fit
17.990 kr

Ella kosy Cardigan
8.990 kr

FRI HEIMSENDING EF PANTAÐ ER FYRIR 10.000 KR EÐA MEIRA

Verslunin Curvy | Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is



Anton Sveinn McKee
sund

Anton Sveinn komst í úrslit á HM í 50 m laug í 200 m bringusundi. Þar endaði hann í 6. sæti, eftir að hafa verið í forystu þegar kom að síðasta snúningi. Anton var nýstiginn upp úr Covid á HM. Á EM í 50 m laug endaði hann líka í 6. sæti í 200 m bringusundi, þá var hann að jafna sig eftir svæsna matareitrun. Á HM í 25 m laug í desember endaði Anton svo í 10. sæti í 200 m bringusundinu.

Elvar Már Friðriksson
körfubolti

Körfuboltamaður hjá Rytas Vilnius. Elvar var lykilmaður í íslenska landsliðinu í undankeppni HM á árinu. Ísland vann til að mynda Ítalíu, Holland og Úkraínu í undankeppni HM á árinu og var

Elvar öflugur í öllum þessum leikjum og fleiri til í undankeppninni. Hann er í 2. sæti yfir flest stig að meðaltali í undankeppninni með 20,1 stig í leik. Aðeins Sviinn Ludwig Hakan-son er með hærra meðaltal, 20,5 stig.



Gísli Þorgeir Kristjánsson
handbolti

Gísli Þorgeir lék vel með íslenska landsliðinu á EM í Ungverjalandi í byrjun árs. Hann spilaði svo stórt hlutverk þegar Magdeburg varð þýskur meistari í vor. Hlutverk Gísla hefur verið sist minna það sem af er yfirstandandi leikið og hefur hann átt hvern stórleikinn á fætur öðrum jafnt í deild, í Meistaradeild Evrópu eða með íslenska landsliðinu. Þá vann hann einnig HM félagsliða með Magdeburg í haust.

Þessi ellefu koma til greina sem íþróttamaður ársins

Þrír landsliðsmenn í handbolta eru á meðal ellefu efstu í kjörinu á íþróttamanni ársins. Venju samkvæmt eru það Samtök íþróttafréttamanna sem sjá um kjörið. Þrjár konur komast á listann en tvær af þeim eru í landsliðinu í fót- bolta. Ómar Ingi Magnússon sem vann kjörið á síðasta ári er á listanum og telst líklegur til afreka aftur í ár.

hodd@frettabladid.is

Glódís Perla Viggósdóttir
fótbolti

Glódís er í lykilhlutverki hjá Bayern sem berst við toppinn í Þýskalandi og spilar í Meistaradeild Evrópu. Hún spilaði einnig stóra rullu með íslenska landsliðinu sem spilaði á Evrópumótinu í ár og var hársbreidd frá því að komast í fyrsta sinn í lokakeppni Heimsmeistar- mótsins.



Kristín Þórhallsdóttir
kraftlyftingar

Kristín vann til silfurverðlauna í samanlögðu -84 kílóa flokki á EM í klassískum kraftlyftingum (án hjálparbúnaðar). Kristín byrjaði vel og lyfti þyngst allra í hnébeygjunni, eða 217 og hálfu kíló, og vann því gull í þeirri grein. Kristín hlaut brons í bekkpressu þar sem hún lyfti þyngst 120 kílóum. Hún tók svo 237 og hálf kíló í réttstöðulyftunni. Samanlagt lyfti Kristín 575 kílóum sem skilaði henni silfri í samanlögðu.

ÍPRÓTTIR Í ár gerðist það að tveir íþróttamenn urðu jafnir að stigum í 10.–11. sæti. Reglur kjörsins segja aðeins til um hvað gera eigi séu tveir jafnir í 1. sæti. Reglurnar ná ekki yfir sætin fyrir neðan. Það eru því 11 íþróttamenn á topplistanum í ár.

Það gerðist síðast árið 2000. Alls hefur það sjö sinnum gerst að topp 11 listi hefur verið birtur í stað topp 10. Árin 1963, 1978, 1982, 1984, 1985, 1988 og 2000 var topp 11 listi, það er, tveir jafnir í 10. sæti.

Þá gerðist það einnig að tveir



Guðmundur Ágúst
Kristjánsson
golf

Guðmundur Ágúst vann sér seint á árinu þátttökurétt á Evrópumót- aröðinni í golfi. Það gerði hann með því að koma sér í gegnum sex hringja loka-úrtökumót á Spáni. Guðmundur er aðeins annar Íslendingurinn á eftir Birgi Leifi Hafþórssyni sem vinnur sér inn fullan keppnisrétt á Evrópumót- aröðinni. Guðmundur Ágúst hefur þegar hafið keppni á túrnum en ekki farið vel af stað.

Ómar Ingi Magnússon
handbolti

Ómar Ingi byrjaði árið með látum á EM í handbolta í Ungverjalandi. Þar fór hann fyrir íslenska landsliðinu sem endaði í 6. sæti mótsins þrátt fyrir ýmis skakka- föll vegna Covid. Ómar Ingi endaði markakóngur EM með 59 mörk. Hann er aðeins annar Íslendingurinn á eftir Ólafi Stefánssyni til að verða markakóngur EM. Ómar var í lykilhlutverki hjá Magdeburg sem varð þýskur meistari í hand- bolta í fyrsta sinn í 20 ár. Ómar endaði næstmarkahæstur í þýsku deildinni með 237 mörk, Ómar var eftir leiktiðina valinn besti leikmaður þýsku deildarinnar í handbolta fyrir síðustu leiktið og valinn í úrvalslið deildarinnar. Þá vann Ómar einn- ig HM félagsliða með Magdeburg í haust.



þjálfarar urðu jafnir í þriðja sæti í kjörinu um þjálfara ársins. Með sömu rökum er því birtur listi yfir fjóra efstu þjálfara kjörsins í ár en valið á liði ársins verður einnig opinberað 29. desember en þrjú lið koma þar til greina.

Félagar í Samtökum íþrótt- afréttamanna eru nú 31 og tóku þeir allir þátt í kjörinu í ár. Kjóri Sam- taka íþróttafréttamanna á íþrótt- amanni, liði og þjálfara ársins 2022 verður lýst í Hörpu 29. desember. Sýnt verður beint frá hófinu á RÚV klukkan 19.40. ■



Hilmar Örn Jónsson
frjálsíþróttir

Hilmar Örn sem keppir fyrir FH var eini íslenski keppandinn sem komst inn á HM sem haldið var í Eugene í Oregonríki Banda- rikjanna. Þar munaði minnstu að Hilmar kæmist í úrslit í sleggju- kastinu. Hilmar náði hins vegar inn í úrslitin á EM í München í ágúst með sjöunda lengsta kastið í undanrásunum. Þetta er í fyrsta sinn sem Hilmar kemst í úrslit á stórmóti. Hann endaði svo í 12. sæti í úrslitunum. FRÍ valdi Hilmar frjálsíþróttakarlar ársins hjá sér.



Sandra Sigurðardóttir
fótbolti

Sandra var öflug með íslenska landsliðinu á EM á Englandi í sumar og af mörgum talin besti leikmaður liðsins. Sandra fór svo á kostum með landsliðinu í undankeppni HM í haust á móti Hollandi og svo einnig í umspilinu á móti Portúgal. Sandra varð einnig Íslands- og bikarmeistari með Val á árinu.



Tryggvi Snær Hlinason
körfubolti

Tryggi hefur verið sérlega öflugur með íslenska landsliðinu í undan- keppni HM á árinu. Ísland vann meðal annars Ítalíu, Holland og Úkraínu í undankeppninni á árinu. Tryggvi var þar í stóru hlutverki. Enginn leikmaður hefur tekið fleiri fráköst að meðaltali í leik í undankeppninni en Tryggvi. Þá lék Tryggvi vel með Zaragoza á Spáni.

Viktor Gísli Hallgrímsson
handbolti

Viktor var í stóru hlutverki með íslenska landsliðinu á EM í Ung- verjalandi. Þar skilaði góð frammi- staða hans honum sæti í úrvalsliði mótsins. Viktor varð í vor danskur meistari með GOG en leikur nú með franska liðinu Nantes þar sem hann hefur leikið vel. Í desember var hann svo útnefndur efnilegasti handboltamarkvörður heims í vali vefsíðunnar hand- ball-planet og þriðji efnilegasti handboltaleik- maður heims.



Efstu fjórir í kjörinu á þjálfara ársins

- **Guðmundur Þ. Guðmunds-son**, þjálfari íslenska karla- landsliðsins í handbolta.
- **Óskar Hrafn Þorvaldsson**, þjálfari karlaliðs Breiða- blics í fótbolta.
- **Snorri Steinn Guðjónsson**, þjálfari karlaliðs Vals í handbolta.
- **Þórir Hergeirsson**, þjálfari kvennalandsliðs Noregs í handbolta.


Lið ársins

- Íslenska karlalandsliðið í handbolta.
- Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta.
- Valur, meistaraflokkur karla í handbolta.

Um leið og við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári, þökkum við viðskiptin á árinu sem er að líða.



Skeifan 6
Kringlan
Laugavegur 7
Smáralind
5687733
www.epal.is
Jólakortsteikning:
Hugleikur Dagsson





Afgreiðslutími í dag

10-23

Spöng, Smáratorg, Kaupún, Norðurtorg, Fitjar,
Selfoss, Helluhraun og Skeifan

10-21

Allar aðrar verslanir

Aðfangadagur

10-14

Allar verslanir

25.-26. des.
Lokað



Skannið QR kóðann fyrir alla
afgreiðslutíma yfir hátíðarnar

BÓNUS

Gleðileg
Jól



Merkisatburðir

1199 Þorláksmessa er fyrst haldin heilög á Íslandi.
1913 Seðlabanki Bandaríkjanna stofnaður.
1928 Snæbjörn, fyrsta skip Samvinnufélags Ísfríðinga, kemur til bæjarins.



1933 Akihito, fyrrverandi Japanskeisari, fæðist.
1968 Átök verða í Reykjavík á milli lögreglu og fólks sem mótmælir stríðinu í Víetnam. Atburðurinn er nefndur Þorláksmessuslagurinn.
1995 Íslenska kvikmyndin Agnes frumsýnd.



Kæru ættingjar og vinir,
Við þökkum innilega hluttekningu og
kveðjur við andlát okkar ástkæra

Högnar Þórðarsonar

fv. bankaútibússtjóra frá Ísafirði.

Sérstakar þakkir fá starfsmenn
heimiliseiningar 3N á Eir fyrir vinskap og
einstaka umhyggju og umönnun.
Gleðilega hátíð ljóss og friðar.

Kristrún Guðmundsdóttir
Hörður, Þórður, Kristín, Guðmundur Kristján
og fjölskyldur



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Jónína Vigdís Ármannsdóttir

Prestastíg 11, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi
mánudaginn 19. desember.
Útförin verður auglýst síðar.

Sigurjón Ármann Einarsson Svandís Guðmundsdóttir
Brandur Einarsson
Guðni Bergur Einarsson
Jónís Einarsson
Lára Ásgeirsdóttir, Hulda Björg Rósarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Hrönn Hallsdóttir

Guðmundur Jón Vilhelmsson

Lára Ásgeirsdóttir, Hulda Björg Rósarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



Elskulegur eiginmaður minn, faðir
okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sverrir Skarphéðinsson

Árskógum 1B,

lést á Landakoti
miðvikudaginn 21. desember.

Hólmfríður Þórhallsdóttir
Örn Steinar Sverrisson
Þórhallur Sverrisson
Svanhildur Sverrisdóttir
Jóhanna Lind Jónsdóttir
Dieudonné Gerritsen
afa- og langafabörn



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

Una Sigurðardóttir

Hlaðbrekku 19,
Kópavogi,

verður jarðsungen frá Hjallakirkju
miðvikudaginn 28. desember kl. 13.

Bára Leifsdóttir
Ásta Leifsdóttir
Sigurður Leifsson
Hallfríður Ólafsdóttir
Eiríkur Leifsson
og fjölskyldur

Til að birta andláts-, útfarar- eða
þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda
tölvupóst á timamot@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055.



Frá Friðargöngunni 2019. Í ár verður kyndlunum skipt út fyrir fjölnota rafmagnsljós.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Friðargangan haldin á ný

Friðargangan fer fram í kvöld
í fyrsta skipti í þrjú ár þar sem
minnt verður á að jólin eru líka
hátíð friðar.

arnartomas@frettabladid.is

Friðargangan er Þorláksmessuhefð sem
ýmsir hafa saknað síðustu ár því hún
var ekki gengin í faraldrinum. Hún fer
nú fram í fyrsta skipti síðan 2019 og segir
Guttormur Þorsteinsson, formaður Sam-
taka hernaðarandstæðinga, gönguna
fastan lið meðal margra fyrir jólin.

„Friðargangan hefur verið haldin
síðan 1980 af samstarfshópi friðarhreyf-
inga,“ segir Guttormur. „Þetta hefur
verið föst hefð í minni fjölskyldu alveg
síðan ég man eftir mér. Við borðuðum
alltaf skötuna snemma svo við gætum
náð strætó niður á Hlemm og náðum þá
í skottið á göngunni.“

Gangan hefst klukkan 18 við gatna-
mót Laugavegar og Snorrabrautar. Þaðan
er gengið niður Laugavegin þar sem kór
Menntaskólans við Hamrahlíð er í fylk-
ingarbrjosti alla leið niður á Austurvöll
þar sem haldinn verður fundur undir
stjórn Steinunnar Sigbrúardóttur
háskólanema og Hjalti Hugason, pró-
fessor emeritus, flytur ávarp.

„Við viljum minna á að jólin eru líka
friðarhátíð,“ segir Guttormur. „Því miður
núna, eins og svo oft áður, þá er þessi

ganga haldin í skugga stríðsátaka. Við
munum aðeins minna á það og halda á
lofti friðarboðskapnum.“

Jólaínkaupin eru á mörgum heim-
ilum látin biða fram á Þorláksmessu og
er tímasetningin því vel fallin til þess
að sporna aðeins við neysluhyggjunni
í aðdraganda jólaanna.

„Maður getur farið og keypt síðustu
gjafirnar eftir gönguna, en rétt á meðan
er gott að kúpla sig aðeins út og setja
hlutina í samhengi,“ segir Guttormur
sem segir gönguna íðulega vel sótt. „Við
rennum auðvitað þínu blint í sjóinn með
þetta eftir Covid en hér kemur venju-
lega mikið af fólki. Gangan fór síðast
fram 2019 og ég vona að fyrir þá sem
hafa komið áður finni þeir fyrir sömu
stemningu og í fyrri göngum.“

Aukin hervæðing fjarstæða

Innrásin í Úkraínu hefur litað starf Sam-
taka hernaðarandstæðinga talsvert á
árinu.

„Þetta hefur svolítið verið fókussinn
hjá okkur, þótt það sé auðvitað margt
annað í gangi,“ útskýrir Guttormur.
„Við höfum fjallað um innrásina í ritinu
okkar, Dagfara. Það kemur svo mikil
krafa úr ýmsum áttum um aukna her-
væðingu og að við þurfum að fá her
aftur til Íslands, sem okkur þykir algjör
fjarstæða. Það er ekki vænlegt að koma
á friði með því að bæta í stríðsuppbygg-



Því miður núna, eins og
svo oft áður, þá er þessi
ganga haldin í skugga
stríðsátaka.



Guttormur Þor-
steinsson, formaður
Samtaka hernaðar-
andstæðinga

inguna og vopnvæðinguna sem fylgir
stríðinu. Það er líka óhugnanleg áminn-
ing um kjarnorkuögnina sem vofir yfir
okkur. Við höfum reglulega minnt á
hana og talað fyrir því að Ísland beiti
sér fyrir banni við kjarnorkuvopnum.“

Gangan hefst í kvöld klukkan 17.45.
Þar sem hinir hefðbundnu vaxkyndlar
sem lengi hafa einkennt gönguna eru nú
óþaanlegir verður gengið með fjölnota
ljós sem ganga fyrir rafhlöðum. ■

Ástvinir heimsóttir um hátíðarnar

arnartomas@frettabladid.is

Heimsóknir í kirkjugarða eru aldrei
fleiri en í kringum hátíðarnar þegar
fjölskyldur koma saman til að minn-
ast þeirra látnu og votta þeim virðingu
sína. Starfsmenn Kirkjugarða Reykja-
víkurprófastsdæma hafa staðið í ströngu
undanfarna daga við að hreinsa snjó af
stigum og leiðum til að auðvelda aðgengi
þess stóra hóps sem vill vitja leiða ást-
vina sinna um hátíðarnar.

„Við erum búnir að vera með allan
okkar búnað í vinnu síðan á laugar-
dagsmorgun, meira og minna,“ segir
Kári Aðalsteinsson, garðyrkjustjóri hjá
Reykjavíkarkirkjugörðum. „Við mokum
ekki að leiðunum sjálfum. Við förum
ekki inn á grafarsvæðin en við mokum
allar megingötur, hreinsum upp bíla-
stæðin og reynum að gera fólki kleift að
komast inn að gördunum. Síðan verður
fólk eiginlega að bjarga sér sjálft.“

Kári bendir á að í stóru gördunum á
borð við Gufuneskirkjugarð sé rosalega
mikill snjór.

„Sums staðar eru leiðin á kafi,“ segir
hann. „Það er rosaleg umferð á þessum



Kári segir að umferð í kirkjugörðum á að-
fangadag hafi aðeins minnkað á undan-
förnum árum.

tíma árs. Aðfangadagurinn er venjulega
langstærsti dagurinn en reyndar hefur
þróunin verið þannig síðustu ár að þetta
sé farið að dreifast á fleiri daga. Þetta er
ekki jafnsvakaleg trafik og áður fyrr.“

Á aðventunni og um jól og áramót eru
kirkjugarðar í Reykjavík og Kópavogi
opnir og aðgengilegir allan sólarhring-
inn. Eina undantekningin frá þessu er
Fossvogskirkjugarður sem vegna slysa-
hættu verður lokaður allri bílaumferð
í þrjár klukkustundir á morgun milli
klukkan 11 og 14 en þá er jafnan mikill
fjöldi gangandi fólks í garðinum.

Vakin er athygli á bílastæðum við
Fossvogskirkju, Suðurhlíð og Vestur-
hlíð. Í dag og á morgun verður hring-
akstur í Gufuneskirkjugarði og verður
þá eingöngu hægt að aka inn í garðinn
frá Hallsvegi og út úr honum norðan
megin inn á Borgaveg eins og verið hefur
undanfarin ár.

„Það er mikill snjór í gördunum og
fólk verður að vera vel búð,“ segir Kári
að lokum. „Ef fólk ætlar að gera einhverja
stund úr þessu á aðfangadag þá ráðlegg
ég fólki að moka að leiðunum og gera
aðgengilegt.“ ■



Líttu við á belladonna.is

YIWU Daisy fóðraður hattur
Fleiri litir til
Verð 4.990 kr

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík
• Sími: 517 6460

Líttu við á
belladonna.is



FRANDSEN sító úlpa
Fæst líka í blágrænu
Stærðir 38-52
Verð 33.980 kr



NORMANN Dúnúlpá með ekta skinny
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-54
Verð 64.980 kr



FRANDSEN úlpa með skinnkraga
Stærðir 38-54
Verð 52.980 kr

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík
• Sími: 517 6460



Í dag er haldin skötuveisla á veitingastað hjónanna Kristjönu og Einars, Von mathúsi í Hafnarfirði. Skötuveislan er orðin að árlegri hefð á veitingastaðnum og þau hjónin hafa hlakkað lengi til dagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Klárlega skemmtilegasti dagur ársins

Árleg skötuveisla verður á Von mathúsi í dag. Einar Hjaltason og Kristjana Þóra Bergþórsdóttir segja að Þorláksmessa sé skemmtilegasti dagur ársins á veitingastaðnum. **2**

sandragudrun@frettabladid.is

Hjónin Einar og Kristjana hafa rekið Von mathús í sjö ár en þau hafa bæði langa reynslu af störfum í veitingageiranum. Einar lærði kokkinn og útskrifaðist frá Grillinu á Hótel Sögu. Eftir útskrift kom hann víða við en Hafnarfjörðurinn togaði í þau þegar þau uppgötvuðu að Kristjana ætti von á þeirra fyrsta barni. Þau opnuðu Von Mathús við Strandgötu í Hafnarfirði í desember árið 2015 og hafa starfað þar saman síðan.

„Við höfum verið með skötuveislu á staðnum frá upphafi. Við hentum okkur bara út í djúpu laugina en núna er þetta orðin árleg og skemmtileg hefð hjá okkur. Sama fólkíð og hóparnir koma ár eftir ár,“ segir Kristjana.

